

að koma til baka aftur. En að tveim árum liðnum kemur hann heim aftur. Orti hann langt háðkvæði um leiðangur þenna. Árið 1127 deyr hann, 56 ára gamall.

Þýðingarbrot af þessu kvæði er hann orti, þegar hann leggur í leiðangurinn, hefir oss borist, og látum vjer það fylgja á öðrum stað.

KVEDJA.

Vilhjálmur IX frá Poitiers, 1071—1127.

Eg hraustur var og hafði völd
En hjer við skiljum nú í kvöld.
Eg fer — til Hans, um alla öld
Er andnu ræður manna á jörð.

Og skil mig allri skemtan frá,
Við skart og tign og metin há,
En hjálpar völinn hallast á
Og hjeðan burt míu för er gjörð.

Mjer fyrirgef við fjelagsslit
Frekju og misgjörð, vinakrit.
Á tungu Róma og Franka eg flyt,
Við fótstól Jesú, bænagjörð.

Eg metnað bar og eg var ör
Unz mjer Drottinn greiddi svör
Nú sorgar orð mjer sitja á vör
Mín syndabyrði er mjer of hörð.

En feignur ef eg fell í val
Þá flyt mjer ljóð og ásta-tal.
Það var mjer líf. Um lágan sal
Ljósið og Gleðin, haldi vörð.